Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1180
komudagur 3.3. 2014

SKÓGRÆKT RÍKISINS

Skógrækt ríkisins, aðalskrifstofa
Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
Sími 470 2000
skogur@skogur.is

Nefndasvið Alþingis
b/t Höskuldar Þórhallssonar
Form. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 27. 02. 2014

**Varðar: Náttúruverndarlög**

Þann 26. nóvember s.l. sendi Skógrækt ríkisins eftirfarandi umsögn til nefndasviðs Alþingis:

***„Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna), 167. mál.***
*Skógrækt ríkisins styður eindregið þetta frumvarp og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.*
*f.h. Skógræktar ríkisins*
*Þröstur Eysteinsson*
*Sviðsstjóri þjóðskóganna, Skógrækt ríkisins"*

Var þessi umsögn send í tölvupósti eins og óskað var eftir. Á vef Alþingis og í afgreiðslu umhverfis- og samgöngunefndar á frumvarpinu um brottfall laganna kemur hvergi fram að þessi umsögn hafi borist. Einhver pottur virðist brotinn í rafrænni afgreiðslu hjá nefndasviði Alþingis og veldur það nokkrum áhyggjum.

Meiri áhyggjum valda þó a.m.k. þrjú atriði í náttúruverndarlögunum sem öll gætu haft veruleg áhrif á skógrækt á Íslandi og snerta ákvæði um sérstaka vernd birkiskóga, framandi lífverur og akstur utan vega.

Við undirrituð vildum gjarnan fá tækifæri til að skýra málstað skógræktargeirans í þessu máli.

Virðingarfyllst

F.h. Björns B. Jónssonar framkvæmdastóra Suðurlandsskóga og Hrannar Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra Landsamtaka skógareigenda

Þröstur Eysteinsson

Þröstur Eysteinsson
Sviðsstjóri Þjóðskóganna, Skógrækt ríkisins